

Ed. 412. Frumvarp til laga [155. mál]

um breyting á lögum nr. 19 4. júní 1924, um nauðasamninga.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

37. gr. 1. málsg. 2. málslíður laganna orðist svo:

„Yfirlýsing skiptaréttar um upphaf nauðasamninga skal einnig þinglýsa á varn-
arþingi fasteignar, skrásetts skips, bifreiðar eða loftfars, og hennar skal getið á
verzlanaskrá, ef beiðandi á þessi verðmæti eða rekur atvinnu, sem getið er eða
geta ber í verzlanaskrá.“

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. jan. 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til I. um þinglýsingar. Í því frv. er gert ráð
fyrir því, að réttindi yfir þeim eignum, sem greinir í 1. gr. frv. þessa, séu háð
þinglýsingu, þ. á m. við ýmiss konar aðgerðir skuldheimtumanna, sbr. V. og VI.
kafla frv. Þykir því rétt að leggja til, að 37. gr. laga nr. 19/1924 sé breytt til sam-
ræmis við þær reglur, er felast í frv. til þinglýsingarlaga.